

# Fatlað fólk og öryrkjar sem íbúar sveitarfélaga

Samantekt á helstu niðurstöðum  
Janúar 2014





## INNGANGUR

Hér er að finna stutta samantekt á völdum niðurstöðum rannsóknar á búsetu fatlaðs fólks og þjónustu sveitarfélaga sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknasetri í fötlunarfræðum, að beiðni Öryrkjabandalags Íslands. Markmið rannsóknarinnar var að kanna aðstæður og reynslu íbúa sveitarfélaganna sem eru fatlaðir eða öryrkjar. Meðal annars að leita svara við því hvaða þættir hafa einkum áhrif á það hvar fatlað fólk kýs að búa og hvort og þá hvaða þjónustu sveitarfélaga það nýtir sér. Jafnframt beindist rannsóknin að sveitastjórnarfólki og starfsfólki velferðar- og félagsmála og reynslu þess af málefnum fatlaðs fólks og öryrkja. Á árinu 2013 fór fram viðamikil gagnaöflun sem náði til almennings, fatlaðs fólks og öryrkja, sveitastjórnarfólks og starfsfólks sveitarfélaganna sem starfar á sviði velferðar- og félagsmála. Með blönduðu rannsóknarsniði, eigindlegum og meginlegum rannsóknaaðferðum, var leitast við að fá sýn þessara hópa á þjónustuna sem sveitarfélög landsins veita fötluðu fólki.

Rannsóknin skiptist í þrjú hluta: 1) spurningakönnun meðal almennings til að kanna viðhorf til þjónustu sveitarfélaga við fatlaða íbúa, 2) spurningakönnun meðal sveitastjórnarfólks og starfsfólks sveitarfélaga auk eigindlegra viðtala til að kanna reynslu þeirra í starfi og viðhorf til þjónustu til fatlaðs fólks og, 3) spurningakönnun og eigindleg viðtöl meðal öryrkja og fatlaðs fólks til að fá innsýn í reynslu þeirra af þjónustu sveitarfélaga. Niðurstöður í heild verða birtar í þremur skýrslum semskiptast eftir ofangreindum rannsóknarhlutum.

## KÖNNUN MEÐAL ÞJÓNUSTUNOTENDA

### Framkvæmd spurningakönnunar


Markmiðið var að kanna þjónustu sveitarfélaga við öryrkja og fatlað fólk. Tekið var 2.000 manna lagskipt tilviljunarúrtak sem fengið var frá Tryggingastofnun ríkisins. Alls svöruðu 1109 manns könnuninni og er svarhlutfall 56%. Spurningalistinn var unninn í samvinnu Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum, Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og Öryrkjabandalags Íslands.

### Helstu niðurstöður


#### Aðstæður öryrkja og fatlaðs fólks

- Þátttakendur voru spurðir hvort þeir notuðu þjónustu sveitarfélaganna sem ætluð er fötluðu fólki. Mikill meirihluti svarenda (78%) sagðist ekki fá slíka þjónustu en um 22% fá þjónustu (sjá mynd 1).
- Þátttakendur sem sögðust ekki fá þjónustu voru spurðir hvort þeir teldu sig þurfa á þjónustu eða stuðningi að halda. Tæplega 40% þeirra töldu sig þurfa á slíkri þjónustu eða stuðningi að halda (sjá mynd 2).
- Þátttakendur voru beðnir að lýsa fjárhagslegri afkomu heimilis síns. Ríflega helmingur svarenda taldi það vera mjög eða frekar erfitt að láta enda ná saman og aðeins um 17% svarenda töldu heimilið komast vel af (sjá mynd 3).
- Rétt rúmur helmingur þeirra sem fá þjónustu (54%) sagðist ráða mjög eða frekar miklu um það hvenær þjónustan er veitt, hvernig þjónusta er veitt og hver veitir hana (sjá mynd 4).
- Yfir 70% svarenda sögðu að fjölskylda, maki eða vinir aðstoði sig mjög mikið eða frekar mikið (sjá mynd 5).
- Meirihluti svarenda (69%) var mjög eða frekar ánægður með búsetufyrirkomulag sitt. Þátttakendur á aldrinum 19 til 29 ára og þeir sem voru 50 ára eða eldri voru líklegri til að vera ánægðir með það hvernig þeir bjuggu en þeir sem voru á aldrinum 30 til 49 ára. Þá kom í ljós að því betri sem fjárhagsstaða heimilisins var, þeim mun líklegra var að svarendur væru ánægðir með búsetufyrirkomulag sitt.
- Þátttakendur voru spurðir hvers vegna þeir bjuggu í sveitarfélaginu. Tæpur helmingur svarenda (48%) sagði nálægð við fjölskyldu hafa ráðið búsetuvali, örlítið minni hópur (43%) kvaðst hafa alist upp í sveitarfélaginu og þriðjungur valdi að búa nálægt vinum sínum. Um 22% sögðust búa í sveitarfélaginu vegna þjónustu sem sveitarfélagið veitir (sjá mynd 6).


- Þátttakendur voru spurðir hvort þeir myndu vilja flytja í annað sveitarfélag og kvaðst tæplega fjórðungur (23%) vilja það. Nokkur munur var á svörum karla og kvenna við spurningunni. Fjórðungur kvenna myndi vilja flytja í annað sveitarfélag samanborið við 18% karla. Þá kom í ljós að því erfiðara sem þátttakendur áttu með að ná endum saman, því meiri líkur voru á því að þeir vildu flytja í annað sveitarfélag
- Tæplega helmingur þátttakenda sagðist ekki vera í vinnu námi eða dagþjónustu þegar spurt var hvað þeir gerðu á daginn. Um 20% sögðust vera í launaðri vinnu án stuðnings, um 12% í endurhæfingu og um 9% sögðust vera í skóla (sjá mynd 7).




**Mynd 1. Færð þú þjónustu vegna fötlunar eða skerðingar?**




**Mynd 2. Finnst þér þú þurfa á þjónustu eða stuðningi að halda? (Þeir sem ekki fá þjónustu svara spurningunni)**




**Mynd 3. Hvernig myndir þú lýsa fjárhagslegri afkomu þinni eða heimilis þíns þessa daganna?**




**Mynd 4. Hversu miklu eða litlu ræður þú um þá aðstoð sem þú færð, t.d. hvenær þú færð aðstoð, hvernig og hver aðstoðar þig?**



**Mynd 5. Hversu mikið eða lítið aðstoðar fjölskyldan þín, maki eða vinir þínir þig?**



**Mynd 6. Af hverju býrð þú í sveitarfélaginu?**



**Mynd 7. Ert þú í vinnu námi eða dagþjónustu?**

## KÖNNUN MEÐAL SVEITARSTJÓRNARFÓLKS OG STARFSFÓLKS SVEITARFÉLAGA

### Framkvæmd spurningakönnunar

Gerð var símakönnun meðal úrtaks sveitarstjórnarfólks og fólks sem vinnur að velferðar- og félagsmálum innan sveitarfélaga. Til þátttöku völdust 162 einstaklingar út frá upplýsingum um stöðu þeirra sem fengnar voru á heimasíðu sveitarfélaganna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Alls svöruðu 149 manns könnuninni og er svarhlutfallið því 92%. Svör fengust frá öllum sveitarfélögum landsins, 74 talsins og svöruðu einn til þrjár aðilar frá hverju sveitarfélagi. Flestir svarendur eiga sæti í sveitarstjórn en nokkur hluti gegnir embætti félagsmálastjóra síns sveitarfélags eða starfa á sviði félags- eða velferðarmála. Spurningalistinn var unninn í samvinnu Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum, Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og Öryrkjabandalags Íslands. Einnig voru tekin 10 eigindleg viðtöl við starfsfólk úr sjö sveitarfélögum til þess að kanna reynslu þess í starfi og viðhorf til þjónustu til fatlaðs fólks.

### Helstu niðurstöður

#### Reynsla af yfirfærslu

- Sveitarstjórnarfólk og starfsfólk á velferðar- og félagssviði var beðið að meta hversu sammála þeir voru fullyrðingum um ávinninga af yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga (sjá mynd 8). Mikill meirihluti var sammála fullyrðingunum og voru svarendur því fremur jákvæðir í garð yfirfærslunnar.
- Þátttakendur voru spurðir um SIS-mat á stuðningsþörf (Supports Intensity Scale). Rúmur helmingur svarenda (58%) sagðist þekkja til matsins og voru þeir spurðir um reynslu sveitarfélagsins af framkvæmd matsins annars vegar og notkun þess sem grundvöll fyrir útdeilingu fjármuna hins vegar. Um 42% svarenda taldi reynslu af framkvæmd SIS-matsins mjög eða frekar góða en 35% taldi reynsluna frekar eða mjög slæma. Svör um notkun SIS-matsins sem grundvöll fyrir útdeilingu fjármuna dreifðust á svipaðan máta (sjá mynd 9). Við bakgrunnsgreiningu kom í ljós að fólk sem starfar við velferðarmál var ólíklegra til að telja reynslu sveitarfélagsins af SIS-matinu góða en fólk sem situr í sveitarstjórnnum.

### **Þekking sveitarstjórnarfóks og starfsfólks á málaflokknum**


- Þátttakendur voru spurðir út í þekkingu þeirra á fjórum þáttum sem snerta málefni fatlaðs fólks (sjá mynd 10). Mikill meirihluti (90%) taldi sig hafa mjög eða frekar mikla þekkingu á stefnu síns sveitarfélags í málefnum fatlaðs fólks. Hins vegar var tæplega þriðjungur (30%) sem taldi sig hafa mjög eða frekar mikla þekkingu á Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Starfsfólk sveitarfélaganna sem starfa á velferðar- og félagssviði voru líklegri til að telja sig hafa þekkingu á málefnum. Mestur var munurinn þegar spurt var um Samning Sameinuðu þjóðanna en þar sögðust ríflega tveir þriðju (69%) þeirra sem starfa á velferðar- og félagssviði hafa mjög eða frekar mikla þekkingu á mannréttindasáttmálanum, en einungis 19% sveitarstjórnarfólks.

### **Staða þjónustu við fatlað fólk**


- Þátttakendur voru beðnir að meta hversu vel eða illa sveitarfélögunum hafi tekist að ná fram átta markmiðum sem fram koma í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Um helmingur svarenda taldi að því markmiði væri náð að fötluðu fólki í sveitarfélagi þeirra stæði til boða akstursþjónusta til að það geti verið virkir þátttakendur í daglegu lífi. Um þriðjungur taldi að biðlistum eftir búsetuúrræðum hafi verið eytt. Um 13% þátttakenda telja að markmiði um að fatlað fólk hafi val um tegund þjónustu og framkvæmd hennar sé náð og aðeins 6% telja að öllum sé tryggt aðgengi að manngerðu umhverfi. Þegar svör voru bakgrunnsgreind kom í ljós að svarendur hjá sveitarfélögum sem ekki eru fyrrverandi tilraunasveitarfélög voru líklegri til að svara að mjög eða frekar mikið vantaði upp á að markmiði um ferðaþjónustu hafi verið náð (25%) en svarendur úr fyrrverandi tilraunasveitarfélögum (9%). Hlutfallslega fleiri svarendur sem starfa við velferðar- og félagsmál innan sveitarfélaganna töldu mjög eða frekar mikið vanta upp á að biðlistum eftir búsetuúrræðum verði eytt (50%) en svarendur í sveitarstjórnnum (sjá mynd 11).
- Þátttakendur voru beðnir að svara hversu sammála eða ósammála þeir væru sex fullyrðingum um þjónustu sveitarfélagsins (sjá mynd 12). Þegar svör voru bakgrunnsgreind mátti sjá að hlutfallslega færri svarendur úr fyrrverandi tilraunasveitarfélögum (69%) voru mjög eða frekar sammála því að mikilvægt væri að sveitarfélög tryggðu fötluðu fólki sem þess óskar notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) en svarendur úr öðrum sveitarfélögum (83%). Svarendur sem sitja í sveitarstjórnnum voru líklegri til að telja fjölgun herbergjasambýla góða leið til að mæta aukinni þörf fyrir búsetuúrræði (58%) en þeir sem starfa við velferðar- og félagsmál hjá sveitarfélögunum (31%). Um 17% svarenda sem sitja í sveitarstjórnnum telja að í




hagræðingaskyni sé nauðsynlegt að starfsmenn sveitarfélaga ákveði hvar og með hverjum sumt fatlað fólk býr en 6% svarenda sem starfa að velferðar- og félagsmálum.




**Mynd 8. Hversu sammála eða ósammála ertu þú því að yfirfærslan hafi...: Bætt þjónustu við fatlað fólk, aukið möguleika til að laga þjónustuna að þörfum notenda, aukið möguleika til að samþætta ólíka þjónustu sem sveitarfélagið veitir, stuðlað að betri nýtingu fjármuna í málaflokknum?**




**Mynd 9. Hversu góð eða slæm er reynsla þíns sveitarfélags af framkvæmd SIS mats og af notkun SIS matsins sem grundvöll fyrir útdælingu fjármuna málaflokksins?**



Mynd 10. Hversu mikla eða litla þekkingu hefur þú á ofangreindum atriðum?



Mynd 11. Ofangreind markmið koma fram í framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks til ársins 2014. Hversu mikið eða lítið finnst þér vanta uppá að þitt sveitarfélag nái þessum markmiðum?



**Mynd 12. Hversu sammála eða ósammála ert þú þessum fullyrðingum um þjónustu sveitarfélagsins?**

## KÖNNUN MEÐAL ALMENNINGS

### Framkvæmd spurningakönnunar

Markmið könnunarinnar meðal almennings var að fá upplýsingar um viðhorf til fatlaðs fólks og ýmsa þætti tengda þjónustu við það. Könnunin náði til 1.200 manna tilviljunarúrtaks sem tekið var úr þjóðskrá. Þess var meðal annars gætt að dreifing kyns, aldurs, búsetu, menntunar og tekna væri sem líkust því sem hún er meðal allra landsmanna, 18 ára og eldri. Alls svöruðu 717 og er svarhlutfall 60%. Spurningalistinn var unninn í samvinnu Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum, Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og Öryrkjabandalags Íslands

### Helstu niðurstöður


#### Útgjöld sveitarfélaga

- Þátttakendur voru spurðir til hvaða málaflokka sveitarfélag þeirra ætti að hækka hlutfallsleg útgjöld sín. Helmingi svarenda fannst að sveitarfélagið ætti að auka útgjöld sín til þjónustu við aldrað fólk og til grunnskóla og ríflega 40% svarenda nefndu að sveitarfélögin ættu að auka útgjöld sín til þjónustu við fatlað fólk og öryrkja. Þegar svörin eru borin saman við svör sveitarstjórnarfólks og starfsfólks á sviði velferðarmála má sjá að hlutfallslega fleiri í síðari hópnum töldu að sveitarfélagið ætti að auka útgjöld til þjónustu við fatlað fólk og öryrkja (47%) (sjá mynd 13).
- Meirihluti svarenda (62%) taldi rétt að sveitarfélagið verði meiru fé til velferðarþjónustu fremur en að lækka útsvar. Sama spurning var borin fyrir sveitarstjórnarfólk og starfsfólk sveitafélaganna á sviði velferðarmála og töldu 71% þeirra að sveitarfélögin ætti fremur að veita meiru fé til velferðarmála en að lækka útsvar (sjá mynd 14).


#### Viðhorf til atvinnuþátttöku

- Lagðar voru fram spurningar til að kanna viðhorf svarenda til atvinnuþátttöku fólks með ólíkar skerðingar. Svarendur voru ósáttari við tilhugsunina um að fólk með geðsjúkdóm eða þroskahömlun sæti á Alþingi fyrir þeirra kjördæmi, sinnti umönnun barna, afgreiddi í verslun eða starfaði með þeim að félagsmálum en blint fólk, heyrnarskert fólk og hreyfihamlað fólk (sjá mynd 15).
- Konur voru líklegri en karlar til að vera sáttar við atvinnuþátttöku blinds fólks, heyrnarskerts fólks, fólks með þroskahömlun, hreyfihamlaðs fólks og fólks með geðsjúkdóm. Í þeim tilfellum þar sem fram kom aldursmunur á viðhorfum til atvinnuþátttöku fólks með þessar fimm


skerðingar, var hann í þá átt að svarendur á aldrinum á aldrinum 18 til 29 og þeir sem voru 60 ára og eldri voru neikvæðastir í garð atvinnuþátttökunnar. Þá voru háskólamenntaðir svarendur almennt sáttari við atvinnuþátttöku fatlaðs fólks en svarendur með grunn- eða framhaldsskólamenntun.



**Mynd 13. Að því gefnu að upphæð tekna og útgjalda verði svipuð hjá þínu sveitarfélagi og undanfarin ár, til hvaða eftirtalinnna málaflokka, ef einhverra, telur þú að sveitarfélagið ætti að hækka hlutfallsleg útgjöld sín. Veldu að hámarki fjögur atriði. – Samanburður á svörum sveitarstjórnarfólks og almennings**



**Mynd 14. Ef sveitarfélagið þitt hefði val um að lækka útsvar (skatta) íbúa eða verja meiru fé í velferðarþjónustu hvort finnst þér að það ætti að gera? – Samanburður á svörum sveitarstjórnarfólks og almennings**



**Mynd 15. Meðalskor svarenda á kvarða yfir viðhorf til atvinnuþátttöku blindra, heyrnarlausra, fólks með þroskahömlun, fólks með hreyfihömlun og fólks með geðsjúkdóm (1=mjög ósátt(ur) við atvinnuþátttöku, 5= mjög sátt(ur) við atvinnuþátttöku)**